

Fimleikabing 16. maí 2024

Þingskjal nr. _____

Tillaga frá stjórn FSÍ um umfjöllun um reglur FIG þegar kemur að skyldleika dómara við keppendur

Fimleikabing, haldið 16. maí 2024, tekur til umfjöllunar reglur FIG um skyldleika dómara við keppendur. Hjá FIG gildir eftirfarandi regla, einstaklingar náskyldir keppanda eru ekki gjaldgengir í dómarasæti.

Náskyldir einstaklingar eru, fólk sem er gift hvert öðru, er í skráðri sambúð eða býr undir sama þaki. Fólk sem er skylt fimleikafólki á allan mögulegan hátt, eða gift skyldmenni. Þá er átt við; amma og afi, foreldrar, frænkur og frændar, systkini, börn, og barnabörn.

Greinargerð:

Undanfarin ár hefur umrædd regla verið í gildi hjá FIG, en ekki hefur þótt tilefni til að taka hana upp hér á landi. Hins vegar er okkur öllum hollt að taka samtalið og velta upp þeim aðstæðum sem skapast í landslaginu á hverjum tíma.

Sent til:

Laganefndar Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar _____nefndar